



Mánudaginn 28. mars 2011 kom fræðslunefnd Húnavatnshrepps saman tilfundar kl. 15.30 á skrifstofu sveitarfélagsins á Húnavöllum.

Fundinn sátu: Birgir Ingbórsson, Jón Gíslason, Eline Manon Schrijver, Jóhanna Gunnlaugsdóttir, Sveinfríður Halldórsdóttir, Þorkell Ingimarsson, Jóhanna Stella Jóhannsdóttir, Birgitta H. Halldórsdóttir, Jóhanna G. Jónasdóttir, Þórunn Ragnarsdóttir og Jens P Jensen.

Dagskrá:

1. Fundarsetning.
2. Skýrsla skólastjóra, leikskólastjóra.
3. Sameining leik- og grunnskóla á Húnavöllum.
4. Útboð skólaaksturs.
5. Önnur mál.
6. Fundarslit.

1. Fundarsetning.

Formaður fræðslunefndar setti fundinn kl. 15.30 Bjarni Ragnarsson boðaði forföll og mætti Jóhanna Gunnlaugsdóttir í stað hans.

2. Skýrsla skólastjóra og leikskólastjóra.

Skólastjóri lagði fram eftirfarandi bókun: Árangur Húnavallaskóla á Pisa 2009 miðað við landið allt var, fjórða sæti í lesskilningi, sjötta sæti í læsi á stærðfræði og þriðja sæti í læsi á náttúrufræði. Fulltrúar fræðslunefndar lýstu yfir ánægju sinni með þennan góða árangur.

Leikskólastjóri sagði starfið í leikskólanum ganga vel. Eftir að grunnskóla líkur í vor þá lítur út fyrir að börnum í leikskóla fækki verulega.

3. Sameining leik- og grunnskóla á Húnavöllum.

Fyrir fundinum liggur skýrsla um álit starfshóps um samrekstur skóla á Húnavöllum. Skýrslan rædd m.a. um hugsanlegan sparnað í yfirstjórn. Gæta þurfi að því að framkvæma ekki áform um samrekstur þannig að það komi niður á gæðum skólastarfsins.

Fræðslunefnd mælir með að þessi sameining fari fram.

4. Útboð skólaaksturs.

Útboðsgögn voru kynnt. Fræðslunefnd leggur til við hreppsnefnd að boðin verði út tvö aksturssvæði. Þ.e. akstursleiðir 1,2 og 3 saman, akstursleiðir 4, 5 og 6 saman eða allar leiðir saman. Fundarmenn hefðu viljað fá betri tíma til að skoða útboðsgögnin.

5. Önnur mál.

Námskeið fyrir skólanefndir verður haldið á Sauðárkróki mánudaginn 11. apríl 2011. Fulltrúar eru hvattir til að sækja námskeiðið.

Fræðslunefnd beinir því til hreppsnefndar að komið verði upp öryggiskerfi í Húnavallaskóla.

6. Fundarslit.

Fundargerð upplesin og samþykkt og fundi slitið kl. 17.10